



24. fundur atvinnu- og menningarnefndar
F26-06-063

Atvinnu- og menningarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 2.7.2026, 15:00 – 17:55. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Sævar Björgvinsson aðalmaður
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir ritari
Fundinn sátu:	Freyja Dís Jóhannsdóttir aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður Guðmann Valdimarsson aðalmaður
Starfsmenn:	Pétur Arason sveitarstjóri Baldur Haraldsson verkefnastjóri Svanhildur Pálsdóttir verkefnastjóri Kristín Ingibjörg Lárusdóttir menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúi

Sævar Björgvinsson setti fund og bauð fólk velkomið.

Kristófer Kristjánsson aðalmaður og Lára Dagný Sævarsdóttir áheyrnarfulltrúi höfðu ekki boðað forföll og ekki kom varamaður í þeirra stað.

1. M26-06-339 - Kosning formanns og varaformanns atvinnu- og menningarnefndar

Tillaga að formanni og varaformanni

Lögð fram tillaga að Sævar Björgvinsson verði formaður nefndarinnar og Kristófer Kristjánsson verði varaformaður. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. M26-06-340 - Erindisbréf atvinnu- og menningarnefndar

Erindisbréf fyrir atvinnu- og menningarnefnd lagt fram og samþykkt með áorðnum breytingum.

3. M26-06-341 - Prjónagleði

Dagsetning Prjónagleði

Umræður um dagsetningar Prjónagleði og mögulega árekstra við aðra viðburði, svo sem Smábæjarleika á Blönduósi og sjómanna dagsgleði víða um land. Það er ekki gott að hafa Smábæjarleikana sömu helgi og Prjónagleðina en báðir viðburðir skipta miklu fyrir samfélagið í heild. Tillaga frá verkefnastjóra Prjónagleði að fastsetja dagsetningar fyrir Prjónagleðina nokkur ár fram í tímann.

Málinu vísað til byggðarráð til nánari umræðu og úrvinnslu.

4. M26-06-342 - Viðburðir á vegum Húnabyggðar

Kynning á viðburðum innan Húnabyggðar á árinu.

Svanhildur Pálsdóttir fór yfir hvernig síðasta Prjónagleði tókst. Hún var sú stærsta frá upphafi og komu 7-800 manns á hátíðina sem dreifðist víða um Blönduós. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði og stendur hátíðin undir sér fjárhagslega, með framlagi sveitarfélagsins.

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Baldur Haraldsson kynntu viðburðadagatal sem þau hafa tekið saman um fjölbreytta viðburði sem fara fram í sveitarfélaginu, hvort sem sveitarfélagið kemur að þeim beint eða ekki. Húnavaka er þar stærsti viðburðurinn sem sveitarfélagið stendur fyrir og voru drög að dagskrá kynnt, sem fara í birtingu fljótlega.

Nefndin fagnar þeim fjölbreyttu verkefnum og viðburðum sem verkefnastjórar kynntu og hvetja íbúa og gesti sveitarfélagsins til að taka þátt. Nefndin vísar til landbúnaðarnefndar að fjalla um viðburð tengdan stóðsmölun á Laxárdal.

Svanhildur Pálsdóttir vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

5. M26-06-344 - Styrkjámál og ferðamál

Kynning á styrkjámálum og þróunarverkefnum.

Baldur Haraldsson kynnti styrki sem sveitarfélagið hefur fengið fyrir ýmis verkefni sem unnin eru á vegum Húnabyggðar á árinu. Þar má nefna verkefni í Kálfshamarsvík, Gamla bænum á Blönduósi og stafrænan Vatnsdæluferil.

Nefndin þakkar fyrir góða kynningu á verkefnum sem eru framundan og sveitarstjóra falið að setja upplýsingar um þau á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. M26-06-345 - Önnur mál atvinnu- og menningarnefndar

Umræður urðu um atvinnuuppbyggingaráætlun fyrir sveitarfélagið sem þörf er á að vinna og vinna þarf að áfram á næstu fundum. Rætt um fastan fundartíma nefndar.

Ákveðið að fundartími atvinnu- og menningarnefndar verði fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 14 á Húnabraut 5.